

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 818/2000.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands
og vígslubiskupa nr. 818/2000.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi: Skilyrði kosningarréttar er að kjósandi sé skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

2. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi: Skilyrði kosningarréttar er að kjósandi sé skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

3. gr.

Staflíður e í 3. gr orðist svo: Leikmenn úr vígslubiskupsumdæmi sem sitja í kirkjuráði.

4. gr.

6. ml. 10. gr. orðist svo: Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 8. gr., 17. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2003.

Hulda Guðmundsdóttir,
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2003.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.